

64. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. desember 2005 í Umhverfisstofnun, Reykjavík

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari : Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Skráning örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar

Kl. 11:00 var mætt dr. Guðrún Gísladóttir dósent við jarð- og landfræðiskor, Raunvísindadeildar Háskóla Íslands, en Breiðafjarðarnefnd leitaði til Háskólans, með erindi dagsettu 19. nóvember 2005, til að kanna möguleika á því að landfræðinemi tæki að sér verkefni við skráningu örnefna á Breiðafirði og túlkun þeirra.

Guðrún sagði mikinn áhuga fyrir verkefninu og sagðist jafnframt hafa ákveðna manneskju í huga sem hún telur að væri kjörin í verkefnið. Sú manneskja er lærd kortagerðarmanneskja og hefur einnig unnið við landmælingar. Nú sé hún í námi í landfræði og gæti vel hugsað sér að taka að sér verkefni á þessu sviði og skila BS ritgerð í kjölfarið. Hugmyndin er að byrja á örnefnaskráningum á sjó á Breiðafirði, en næsta sumar yrði notað til að safna örnefnum og staðsetja þau. Þegar því væri lokið þarf að skrá örnefni í gagnagrunn og útbúa kort.

Guðrún fór nánar yfir það hvernig hugsanlegt væri að útfæra verkefnið.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd telur það einstakt tækifæri ef hægt er að vinna verkefnið á þennan hátt og mun ræða á næsta fundi hvernig nefndin gæti komið að því fjárhagslega.

Matarhlé.

Guðrún vék af fundi kl. 13:00.

Fundargerð 63. fundar

Friðjón las upp fundargerð 63. fundar. Þá var rædd óformleg athugasemd sveitarstjóra Reykhólahrepps við það hve langur tími líður frá fundum nefndarinnar þar til fundargerðir eru samþykktar og birtar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt. Ákveðið var að samþykktir fundargerða verði með sama hætti og verið hefur.

Bæklingur um fuglalíf á Breiðafirði og verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2005-2015

Róbert lagði fram drög að texta í kynningarbækling um fuglalíf á Breiðafirði. Einnig voru lögð fram drög að samstarfssamningi um endurgerð verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu fara yfir texta fuglalífsbæklingsins og senda Róberti athugasemdir sínar ef einhverjar eru.

Samstarfssamningur um gerð verndaráætlunar var undirritaður. Ákveðið var að Náttúrustofan afhendi verndaráætlunina á tölvutæku formi og í 20 prentuðum eintökum.

Kræklingaeldi á Breiðafirði

Afgreiðsla Umhverfisstofnunar, dags. 16. nóvember 2005, á umsókn Péturs Hjálmtýssonar

um leyfi til að stunda kræklingarækt við Skoreyjar, Melrakkaey, Andey og Vatnsey var kynnt. Umhverfisstofnun heimilar framangreint kræklingaeldi fyrir sitt leyti.

Afgreiðsla: Ekki voru gerðar athugasemdir við afgreiðslu Umhverfisstofnunar, en hún er í samræmi við afgreiðslu Breiðafjarðarnefndar.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Lagt var fram lokaeyntak stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði sem unnin var skv. samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Afgreiðsla: Nefndarmenn fagna því að skýrslan sé fullunnin. Ákveðið var að senda sveitarfélögunum átta við Breiðafjörð eintak af skýrslunni.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Lögð var fram lokaskýrsla Sverris Jakobssonar fyrir árið 2005 vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Nefndarmenn eru ánægðir með þann kafla sem kominn er. Ákveðið var að veita Sverri frekari styrk til vinnu við verkefnið á árinu 2006. Friðjón mun leggja nýjan samning fyrir Sverri og undirrita fyrir hönd nefndarinnar.

Mat á umhverfisáhrifum: Vestfjarðavegur nr. 60 – Bjarkalundur - Eyri, Reykhólahreppi

Rædd voru erindi Skipulagsstofnunar, dags. 4. nóvember 2005 og Umhverfisstofnunar, dags. 16. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna ofangreindra framkvæmda. Matskýrslan var rædd og komu fram ýmsar athugasemdir af hálfu nefndarmanna. Róbert og Guðríður lögðu fram tillögu að afgreiðslu málsins. Aðrir nefndarmenn gátu ekki sætt sig við tillögu þeirra. Guðríður situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðaréttar nema í fjarveru formanns og getur því ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins. Guðríður benti á að e f um tvö álit verður að ræða frá nefndinni þá skuli senda þau saman svo ekki verði um villst að um tvö álit sé að ræða.

Afgreiðsla: Þórólfur tók niður athugasemdir nefndarmanna og var falið að setja upp drög að svarbréfi og senda nefndarmönnum til umfjöllunar. Erindindunum á að svara í síðasta lagi 15. desember nk.

Magnús vék af fundi kl. 16:30.

Fundi var slitið kl. 17:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.